

Vignir Jóhannsson Fögnuður, H2O (olía á hörstriga) 2020

Þorvaldur Gylfason

Íslenska söngvabókin

39 sönglög við kvæði eftir
Kristján Hreinsson

Hallveig Rúnarsdóttir ~ sópran
Elmar Gilbertsson ~ tenór
Snorri Sigfús Birgisson ~ píanó

CD 1

Sumarferðin

1	Að lifa er að gefa	3:21
2	Augnablikin læðast	2:56
3	Baðmurinn blíði	4:01
4	Dans fiðrildanna	3:47
5	Einn tónn	3:02
6	Einsemdin opnar gáttir	2:15
7	Fótspor á farvegi tímans	5:44
8	Garður gæskunnar	3:13
9	Harpa hjartans	2:56
10	Hjartað	3:17
11	Hjartalag	3:08
12	Hljóðar bænir	4:22
13	Jökullinn	3:46
14	Laun lífsins	3:15
15	Ljóðið um veginn	3:10
16	Ný mynd af þér	2:38
17	Orðspor	2:56
18	Ritstjóri ljóðviljans	3:01
19	Þá veistu það	2:03
20	Þrá	3:02
21	Þrjár spurningar	2:01

CD 2

Sextán söngvar ~ og tveir að auki

1	Lágstemmdar línur	1:32
2	Þegar ljóðið lifir	2:54
3	Móðurminning	1:49
4	Við glugga um nótt	2:02
5	Ekkert að óttast	2:08
6	Minn eilífi draumur	2:48
7	Lífsblóm	1:45
8	Leiðin liggur heim	2:59
9	Fagur engill fylgir þér	2:30
10	Fögur mynd	2:37
11	Tónlist hjartans	2:05
12	Vilji vindsins	4:54
13	Við gröfina þína	2:15
14	Vonarglæta	3:15
15	Sagan	3:09
16	Ljúfur leikur	4:02
17	Vertu hjá mér	1:55
18	Bros	2:37

Tilurð laganna

Kristján er stórtækur.

Fyrst sendi hann mér Sautján sonnettur um heimspeki hjartans, sem hann sagðist hyggjast bjóða fram sem námsefni í Háskóla Íslands, og bauð mér að tónsetja þær. Garðar Cortes og Bergþór Pálsson sungu sonnetturnar á Menningarnótt í Hörpu 2012 og aftur 2013, fyrst þrettán sonnettur 2012 og síðan sautján 2013. Með þeim léku Selma Guðmundsdóttir á píanó, Gunnar Kvaran á selló 2012 og Júlía Mogensen 2013, Jón Elvar Hafsteinsson á gítar, Pétur Grétarsson á slagverk og Sigurður Flosason á saxófón. Þórir Baldursson útsetti lögin. Konsertinn var hljóðritaður. Garðar söng fyrstu sonnettuna um Leibniz sem síðasta lag fyrir fréttir 2014. Meðal annarra heimspekinga sem skáldið fjallar um eru Schopenhauer og Sókrates, Franz Liszt, Gandí og Lao-Tse, Cartesíus, Karl Marx, Nelson Mandela, Sören Kierkegaard, Fidel Kastró og Friedrich Nietzsche. Garðar og Bergþór sungu Ástardraumasonnettuna í ríkisútvarpinu.

Síðan setti Kristján mér fyrir fimmtán Söngva um svífandi fugla sem Kristinn Sigmundsson söng tvisvar í Salnum í Kópavogi 2014 og einnig í Bergi á Dalvík. Með honum léku Jónas Ingimundarson á píanó og Bryndís Halla Gylfadóttir á selló. Þórir Baldursson útsetti lögin. Jón Kristinn Cortez (Ísalög) gaf lögin út á bók 2019. Kvikmynd af tónleikunum var frumsýnd í RÚV 2020. Kristinn söng lokasönginn í flokknum sem síðasta lag fyrir fréttir 2019. Lagið heitir Einn kafli.

Þá komu Sjö sálmar sem Jón Stefánsson organisti í Langholtskirkju bað Kristján að yrkja fyrir sig og Kristján fól mér að tónsetja fyrir blandaðan kór. Sálmarnir heita Skírn, Von, Ferming, Trú, Gifting, Kærleikur og Minning. Kór Langholtskirkju undir stjórn Jóns

frumflutti sálmana 2014 ásamt Tómasi Guðna Eggertssyni orgelleikara. Hljómeyki undir stjórn Mörtu G. Halldórsdóttur endurflutti og hljóðritaði sálmana í Guðríðarkirkju í Grafarholti 2015. Von hefur heyrzt í ríkisútvarpinu.

Þá sýndi Kristján mér Álfanga, ástaróð sinn til íslenzkrar náttúru í níu erindum, 72 vísuorð alls, sem ég tónsetti og Egill Ólafsson söng og Jónas Þórir Þórisson lék með á píanó og Jón Rafnsson á kontrabassa og varð úr þessu langt myndband í smiðju Lýðs Árnasonar og Írisar Sveinsdóttur þar sem Íslandsmyndir Finns P. Fróðasonar flæða yfir skjáinn meðan Egill syngur.

Loks setti Kristján mér fyrir Sautján ljóð fyrir sópranrödd og Tuttugu söngva fyrir tenór, 37 kvæði. Ég lagði til að við skiptum bunkanum þannig að fyrst kæmu Sextán söngvar fyrir sópran og tenór og síðan kæmi Sumarferðin. Hallveig Rúnarsdóttir og Elmar Gilbertsson sungu Sextán söngva ásamt tveim aukalögum í Hannesarholti 2017 og Sumarferðina í Hörpu 2022. Aukalögin tvö, Vertu hjá mér og Bros, hafa þá sérstöðu hér að ég valdi þau ótilkvaddur úr bókum Kristjáns. Snorri Sigfús Birgisson lék með á píanó á báðum tónleikunum og hafði gengið frá nótunum í hendur flytjendanna, öllum nema nótunum að Laun lífsins sem ég sótti til Richards Strauss og útsetjara hans. Elmar söng eitt laganna, Þegar ljóðið lifir, sem síðasta lag fyrir fréttir 2022.

Þannig eru þau til komin þessi 39 lög sem þau Hallveig, Elmar og Snorri Sigfús flytja á þessum diskum, 32 einsöngslög og sjö dúettar. Kristján átti upptökin. Upptökurnar fóru fram í Salnum í Kópavogi 2023 undir stjórn Péturs Hjaltested. Samhliða útgáfu þessara hljómdiska koma lögin út í tveim bindum á vegum Jóns Kristins Cortez og Ísalaga undir sameiginlegri yfirskrift, Íslenska söngvabókin.

Á tónleikunum 2017 og 2022 fylgdi Kristján hverju ljóði og lagi úr hlaði og fylgja skýringar hans hér á eftir.

Þorvaldur Gylfason

Kristján Hreinsson
Kvæði

Sumarferðin
&
Sextán söngvar ~ og tveir að auki

Sumarferðin

Að lifa er að gefa

Sumarferðin hverfist um gæsku og fagrar minningar. Ég minnist þess að hafa séð eldri konu gefa fátækum manni hrúgu af fötum. Þegar ég hældi konunni fyrir gjafmildina og sagði að hún hlyti að vera rík, svaraði hún og sagði: „Ég gef vegna þess að ég er fátæk.“ Kona þessi kunni að gefa með hjartanu, einsog það var kallað í minni æsku. Hún var sátt við sitt hlutskipti.

AÐ LIFA ER AÐ GEFA

Að lifa er að gefa með hjarta margt og mikið,
að magna hverja hugsun sem fegurð lífsins á,
að geta náð að skynja af alúð augnablikið;
þá ást sem býr í brjósti er stundir líða hjá.

Ef hugsunin er fögur og fær mig til að tárast
þá titrar í mér hjartað og sálin flýgur sátt,
því lífið hefur tilgang í ást sem aldrei klárast
en ævinlega blómstrar á lífsins besta hátt.

Ég mína trú á tilgang og fegurð fæ að játa
svo fagna ég því öllu sem lífið veitir mér.
Ef hjartað þiggur hlýju af gleði má ég gráta
og gjöfum lífsins deili ég auðvitað með þér.

TO LIVE IS TO GIVE

To live is to give more than a lot with the heart,
To magnify every thought through the beauty of life,
To be able to perceive the moment with attention;
The love that lives in the heart when time goes by.

If the thought is beautiful and if it makes me cry
Then my heart trembles as the soul flies happily,
Because life has a purpose in love that never ends
But forever flourishes in life's best way.

I confess my belief in purpose and beauty,
And I celebrate everything that life gives me.
If the heart receives warmth from joy, I can cry,
And naturally, I'll share the gifts of life with you.

Augnablikin læðast

Stundum er engu líkara en ástin sé einsog söknuður, maður saknar þess sem á eftir að gerast. Líkast því að tilbiðja guði sem enn hafa ekki verið skapaðir. Tíminn gefur og tekur. Ástin leyfir okkur að óttast hið óþekkta, við þráum að halda en viljum ekki sleppa. En ástin kennir okkur fyrst og fremst að óttast ekki.

AUGNABLIKIN LÆÐAST

Þú læðist út úr rökkri og sefar mína sál,
þú sýnir mér er hverfa hér flest mín vandamál
og tekur frá mér orku en eykur samt minn þrótt
þinn eldur hann er mátturinn sem lýsir mér um nótt.

Þín kristalstæra fegurð er kyrrð í minni sál,
þú kveikir hjá mér elda og tendrar ástarbál.
Ég veit ég hræðist tímann sem tekur þig frá mér
því tilfinningar mínar eru allar bundnar þér.

Þú kveikir hjá mér birtu um kvöld og snemma dags.
Ef kveðjumst við að morgni, þá sakna ég þín strax.
Þú vekur hjá mér ótta við það sem enginn sér
því augnablikin læðast hjá og taka þig frá mér.

THE MOMENT CREEPS

You come out of the twilight and soothe my soul,
You show me how most of my problems disappear,
And you take away my energy but still increase my strength,
Your fire is the power that illuminates my night.

Your crystalline beauty is a stillness in my soul,
You light a fire for me and kindle flames of love.
I know I fear the time that takes you away from me,
For my feelings are all tied intimately to you.

You turn on my light in the evening and early in the day.
If we say goodbye in the morning, I will miss you right away,
You make me fear the things that no one can see,
For the moments creep by and take you away from me.

Baðmurinn blíði

Sumardagurinn fyrsti var upphaf ársins hér í eina tíð. Birkið er kallað „baðmur“. Strax þótti mér þetta fallegt orð þegar ég var ungur. Skjólið – hinn verndandi faðmur og laufkróna birkisins kallast á við yl ástarinnar og ilminn af sumrinu. Þegar björkin angar þá týnist óttinn við kalda krumlu næturinnar. Ógleymanlegt augnablik í mjúkri laut er baðmurinn blíði.

BAÐMURINN BLÍÐI

Ég sat hjá birkibaðmi
og beið um sumarkvöld,
ég fann í myrkum faðmi
svo frumstæð máttarvöld.
Er til mín nóttin náði
með nákröld óttaský
í djúpri þögn ég þráði
að þiggja skjól á ný.

Hún vildi huga halda,
hún herti takið sitt,
þá náði krumlan kalda
að kreista hjartað mitt.
En blíðleg gyðja birtist
þá breyttist nóttin svört,
í skyndi veröld virtist
verða himinbjört.

Í augunum var ylur,
eldur, von og þrá,
afl sem enginn skilur
en allir vilja fá.
Í laut hjá lífsins baðmi
var ljúft að vera til,
ég fékk í þínum faðmi
að finna skjól og yl.

THE GENTLE BIRCH TREE

I sat by a birch tree
And waited for a summer evening,
I felt in a dark embrace
Such primitive power.
When the night caught me
With cold clouds of fear
In deep silence I longed
To find shelter again.

The night could hold my mind,
And tightened the grip,
Then the cold crumb
Managed to squeeze my heart.
But a gentle goddess appeared
And the night turned black,
Suddenly the world
Became so clean and clear.

In the eyes there was warmth,
Fire, hope and desire,
A force that no one understands
But everyone wants to have.
It was sweet to be
By the tree of life.
In your loving arms
I found shelter and warmth.

Dans fiðrildanna

Dans fiðrildanna er vegur sem við veljum að sjá, sumarferðin sem við eigum í minningum eða sjáum í hillingum. Við veljum hvert skref því við getum ekki annað. Það sem við veljum er alltaf spor í þá átt sem við förum.

DANS FIÐRILDANNA

Í tímans rúmi leggur ljósið sig
og langur skuggi nætur verður dreyminn,
þú bíður þess að svefninn sæki þig
og svífi með þig inn í draumaheiminn.

Í faðmi svefnsins vaknar vitund þín
og verður einsog lind sem ekkert gruggar,
að hugans fylgsnum opnast innri sýn
og andi lífsins þig í raunum huggar.

Sem fiðrildi þú snertir brosmild blóm
með blíðu sem þín undirvitund geymir,
þér finnst sem hjartað skynji innri óm
frá eilífð sem þinn veruleika dreymir.

Er svífur þú um lífsins drauma dal
og döggin skín á heimsins blómakransi
þá skilur þú að vitund þín er val
sem vaknar upp af fiðrildanna dansi.

THE DANCE OF THE BUTTERFLIES

In the space of time, the light fades
And the long shadow of night becomes so fanciful,
You wait for the sleep to catch you
And float you into the world of dreams.

In the embrace of sleep, your consciousness awakens
And becomes like a spring that does not turbid
To the accompaniment of the mind an inner vision opens
And the spirit of life soothes your sorrows.

As a butterfly you touch a smiling flower
With the tenderness that your subconscious holds,
You feel as if your heart senses an inner echo
From eternity that your reality dreams.

When you float through the valley of life's dreams
And the dew shines on the world's wreath,
You understand that your consciousness is a choice
That is awakened by the dance of the butterflies.

Einn tónn

Mamma mín sagði að það væri einn tónn í hjartanu sem við ættum að hlusta eftir öðrum fremur – tónn gæskunnar. Að gefa þessum tón sinn gaum er mörgum sinnum einfaldara en margur maður heldur. Innsæið spyr oft hvor kosturinn sé betri. Svarið er einfalt ef við kunnum að heyra tón gæskunnar.

EINN TÓNN

Ég heyrði eitt sinn tón sem til mín sveif
frá töfraveröld djúpt í stjörnugeimi,
hann vakti þögn sem bjó í blíðri sál,
þá blómstraði í vitund huldumál.
Mitt hjarta þessi máttur með sér hreif
og mér var leyft að kynnast nýjum heimi
er féllu gleðitár í tímans bál.

Því þessi eini tónn mér góðvild gaf
og gæska hans var stund á milli stríða,
er hugur minn sá blakta tímans tjöld
og tómarúmið fyllti nóttin köld
í myrkri þegar ég í sælu svaf,
svo sveif hann burt á leið um veröld víða
og hjartað fann að liðu ár og öld.

Og ennþá hefur tónninn töframátt,
ég tryggð hans finn og gleymi vandamálum.
Við tímans bál ég frelsið finna má,
þá finn ég snark í eldi taktinn slá,
ég fer í hina einu réttu átt,
ég upp til himna flýg með fögrum sálum
er tóninn eina hjörtun hlusta á.

ONE TONE

I once heard a tone that swayed to me
From a magical world deep in interstellar space,
It awakened a silence that lived in a gentle soul,
Then a mystery blossomed into my consciousness
And my heart was guided by this power
And I was allowed to get to know a new world
When tears of joy fell into the fire of time.

Because that one tone gave me kindness
And its goodness was a moment between wars,
Then my mind saw the fluttering curtains of time
And the cold night filled the emptiness
In the darkness, when I slept blissfully,
Then it swung off on a journey around the world
And the heart knew that years and centuries went by.

And still, the tone has magic power,
I seek its loyalty and forget problems.
By the flame of time, I can find the freedom,
Then I feel the spark in the fire beat the rhythm,
I go in the only right direction,
I fly up to the sky with beautiful souls
When hearts will listen to that one tone.

Einsemdin opnar gáttir

Að finna sálinni stað í tíbrá sem titrar yfir hafi ástarinnar, það er leiðin sem við förum þegar söknuðurinn magnast. Einsemdin verður að opnu hafi vonarinnar ef hjartað er sátt við bið sem tekur enda. Að bíða þess að ferðast með sumri og sól sýnir okkur að sá sem bíður eftir einhverju fallegu mun aldrei bíða of lengi.

EINSEMDIN OPNAR GÁTTIR

Aleinn með hugmyndum sit ég í svartasta myrkri
og sé það svo vel hvernig dagarnir koma í röð,
hér staldra þeir aldrei of lengi í vitund svo virkri
en vappa með hlýlegan svip eftir gleðinnar tröð.

Í ómældri víddinni taktfastir ljósgeislar titra
og tengja minn huga við áhrif frá eilífri gnótt
og einsemd mín sýnir mér vel hvernig vonirnar glitra
í vetrarins kyrrð einsog stjörnur um draumkennda nótt.

Í náttmyrkri veit ég að ekkert mun ást mína hindra
því einsemdin tryggir mér fullkomna vissu um það
að sól minnar gyðju í nálægri tíbrá skal tindra
og töfrarnir finna þar sál minni öruggan stað.

SOLITUDE OPENS GATEWAYS

Alone with ideas, I sit in the blackest darkness
And I see so well how the days line up,
Here they never linger too long active in awareness
But they wiggle with a warm expression after the tiredness of joy.

In the immeasurable dimension, rhythmic rays of light vibrate
And connect my mind with the effects of eternal abundance
And my loneliness shows me so well how hopes sparkle
In the stillness of winter like stars on a dreamy night.

I know nothing will hinder my love in the dark of the night,
Because solitude guarantees me complete certainty
That the sun of my goddess will twinkle in the nearby mirage
And there, the magic finds a safe place for my soul.

Fótspor á farvegi tímans

Sem ungur maður heyrði ég talað um eilíft líf. Mér þótti sú hugmynd alltaf hrein sturlun og einkar hjákátleg. Eitthvað sem hefur alltaf verið til, er til og verður alltaf til. Eilífð er hugtak sem mannlegur skilningur nær ekki að höndla. Í mínum huga snerist allur heimurinn um lífið hér og nú, sumarferð æskunnar, orðsporið – fótsporin í moldinni sem breytist í ryk.

FÓTSPOR Á FARVEGI TÍMANS

Í draumanna heimi hér sit ég á saltbrenndu túni
og sólgulur andvari gælir við hörundið mitt,
ég finn að minn hugur er sáttur við sitt
er sé ég hvar geislarnir dansa við andlitið þitt
og fáni úr orðlausri dulúð er dreginn að húni
af dásemd sem kemur á hraðferð úr myrkranna firð,
þá stækkar á túninu álagabletturinn brúni
í blómlegri þögn sem á athvarf í eilífri kyrrð.

Nú svífur af himnum einn trúður í blíðasta bláma
hann berfættur stígur af varúð á hárfínan streng,
og dansandi beygir hann kroppinn í keng.
Úr kolsvörtum stromphatti dregur hann sofandi dreng
sem sagður er glíma við ótta og tilvistartráma.
Og trúðurinn lætur hann síga í himneskan dún
svo sést vart á snáðanum unga ein einasta skráma
er andi hans faðmar í draumi hið saltbrennda tún.

Og trúðurinn leikur að heimsmyndum horfinna daga
og heldur á lofti sem boltum úr glitrandi snjó
en þú ert að vakna af draumi sem dó,
þú dáleiðir sál mína fulla af stóískri ró
er fúsleikinn leyfir þér auðvitað áfram að draga
þann anda sem sýnir þér fullkominn merkingarheim
á brothættri stund þegar letruð er lifandi saga
með litríkri sýnd þar sem hugsanir fara á sveim.

Og trúðurinn syngur um draumanna falslausu fylki;
um flatneskju geymda í tindanna uppsprettulind.
En þú færð þess notið að nóttin er blind
er nakin hún ráfar um augnanna svarthvítu mynd.
Og trúðurinn iðar sem lirfa í lokuðu hylki
í ljósi sem flöktir í myrkri svo stingandi skært.
Er laglína trúðsins fær mátt sinn frá sálrænu silki,
þá sefur þitt hjarta í draumanna þeli svo vært.

Er öldungar viskunnar skynsamir farveginn skjögra
og sköpunarverk sitt fær trúðurinn dýrkað og dáð,
þá færð þú á túninu takmarki náð
og tilvera þín er með bergmáli daganna skráð
í lífsbók er reynir þú andhelgi þinni að ögra
og augu þín senda um loftið hið himneska blik.
Mót hásölum stjarnanna litskrúðug fiðrildi flögra
og fótsporin okkar með tímanum breytast í ryk.

FOOTPRINTS ON THE ROAD OF TIME

In a world of dreams, I sit on a salt-burnt field
As a sunny breeze caresses my skin,
I feel that my mind is quite fulfilled
And a flag of speechless mystery is hoisted
Of wonder rushing from a deep dark fjord,
Then the stress spot on the field expands
in a flourishing silence that has a refuge in eternal stillness.

Now a clown floats from the sky in the softest blue
Bare feet carefully treading a rope,
While dancing, the clown bends its body like a bow.
From a pitch-black beaver hat, it pulls a sleeping boy
Who is said to struggle with fear and existential stress
And the clown makes it descend into a heavenly down;
Then you can't see a single scratch on the young lad
As its spirit embraces the salt-burnt field of dream.

And the clown juggles with visions of days gone by
And keeps them aloft like balls of glittering snow
But you are waking up from a dream that died,
You mesmerize my soul full of stoic calm
Because the willingness allows you to continue to draw
The spirit that shows you a perfect world of meaning
At a fragile moment when a living history is written
With a colorful display where thoughts soar.

And the clown sings about the false state of dreams;
About flatness stored in the springs of the peaks.
But you get to enjoy the fact that the night is blind
When naked, it wanders around the eyes in black and white image.
And the clown swarms like a caterpillar in a sealed capsule
In a light flickering in darkness so piercingly bright.
If the clown's melody derives its power from psychic silk,
Then your heart sleeps so soundly in the bed of dreams.

When the elders of wisdom prudently stagger their way
And the clown can worship and admire its creation
Then you will reach your goal in the field
And your existence is recorded with the echoes of the days
In the book of life, you try to challenge your sanctity
And your eyes send a heavenly twinkle through the air.
Towards the lofty halls of the stars the colorful butterflies flutter,
And our footprints in time will turn to dust.

Garður gæskunnar

Mér þykir eðlilegt að tala um efnisheim og andaheim. Ég tengi anda ekki neinu guðlegu eða yfirnáttúrulegu. Ég sé hið andlega sem leið til að skoða veruleikann utan frá, að finna bjartsýni í böli, að vaka yfir hugsjónum og eiga alltaf von. Ég vil sjá lífið sem ferðalag um fagran garð.

GARÐUR GÆSKUNNAR

Ég snúið hef baki við fólskunnar auðlegð og arði
því uppskera hjarta míns varla í peningum finnst,
ég hlúi að plöntum í gæskunnar himneska garði
og gleðst þegar hugur minn andlega djásninu binst.

Og hugur minn ferðast um garðinn sem ljóðelskur lækur
þar lætur hann hljóma í hjartanu gleðinnar streng;
með föt sem ég klæðist og örfáar indælar bækur
af ástúð og þakklæti fegursta veginn ég geng.

Hér hlýt ég að launum þann anda sem ávallt mun dafna,
það yndi sem döprustu sporum í farsæld fær breytt.
Í gæskunnar garði með blessun ég böli því hafna
að burðast með það sem í rauninni er ekki neitt.

GARDEN OF GOODNESS

I have turned my back on false riches and profits
Because the harvest of my heart is not found in money,
I tend plants in the heavenly garden of goodness
And rejoice when my mind is bound to the spiritual dance.

And my mind travels through the garden like a poetic stream
There it makes a chord sound in the heart of joy;
With clothes I wear and a few marvelous books
I walk the most miraculous road with love and gratitude.

Here I receive the spirit that will always prosper,
The joy that turns the saddest steps into success.
In the garden of goodness with a blessing I refuse
To be burdened with what is, in reality, nothing.

Harpa hjartans

Takmark lífsins er að láta þakklætið finna skjól í lúnum beinum, að leyfa hörpu hjartans að óma, þannig að gæskan sé öllu sterkari, að finna styrkleika sinn í heiðarlegum vinnubrögðum, njóta ávaxta gæskunnar og vera sáttur í eigin skinni.

Harpa hjartans hefur skemmtilega tengingu við sumarferð. Harpa var í eina tíð heiti fyrsta mánaðar sumarsins.

HARPA HJARTANS

Ég þarf, er býr í hörpu hjartans löngun ljúf og sár,
að líta yfir spölinn þann sem ég hef þegar gengið
og hugur minn hann flýgur gegnum öll hin liðnu ár
með unaðslega draumana sem ég hef hérna fengið.

Á langri ferð með anda mínum víst ég átti völ
er viskubrotin leyndust einsog perlur undir steinum,
en hugur minn var knúinn til að þræða þennan spöl
með þakklæti sem núna finnur skjól í lúnum beinum.

Og þegar ég að lokum kem í garð á gróinn stað,
mun gleðihljómur strengja mínar sáru þrautir lina,
í sátt við hörpu hjartans verður þarft að muna það
að þessi leið var farin fyrir mig og alla hina.

HARP OF THE HEART

I need, when I hear the harp of the heart's desire, sweet and sore,
To look over the path that I have already walked.
And my mind flies through all the past years
With the remarkable dreams I have had in this place.

On a long journey with my spirit, of course, I had a choice.
And fragments from wisdom were hidden like pearls under stones,
But my awareness then was compelled to thread this path
With appreciation that now finds shelter in weary bones.

And when at last I come to a well-grown garden,
The joyous sound of the strings will ease my sore troubles,
In harmony with the harp of the heart it must be remembered
That this path was taken by me and everyone else.

Hjartað

Þegar ég var að læra á píanó sem ungur drengur, þá sagði kennari minn: „Þú hugsar með hjartanu, það er nauðsynlegt fyrir listamann.“ Seinna á ævinni skrifaði ég heimspekiritgerð um hið andlega, og þá vildi ég láta þess getið að frá hjartanu kemur 5000 sinnum sterkara segulsvið en frá heilanum. Leiðbeinandi minn taldi það ekki viðeigandi.

HJARTAÐ

Ég veit að myrkrið faðmar þig og augun eru björt
því eldinn þeirra dýrka ég og hitann vel ég þekki,
er hylja þessar perlur þínar skuggaskýin svört
þá skína þær í minni sál, þótt sjái ég þær ekki.

Þú ráfar um í auðninni og röddin þín er þíð,
í þoku dagsins hljómar hún í rökum hitamekki,
sá fagri ómur nær í gegnum bæði storm og stríð
þú strengi hjartans snertir, þó að orðin heyrist ekki.

Um kalda nótt í gleymdri borg er hjarta þitt svo heitt
að hlýja þín fær svifið upp frá jarðarinnar bergi
og sálin mín er sæl og glöð, hún skynjar aðeins eitt
því ylur þinn hann faðmar mig, þótt sjái ég þig hvergi.

THE HEART

I know the darkness embraces you and your eyes are bright.
Their fire I adore and the heat I do know so well,
These pearls of yours cover murky clouds of black
They shine in my soul, although I do not see them.

You wander in the wilderness, and your voice is soft,
In the fog of the day, it echoes through the heat,
That dreamlike resonance reaches through storm and war.
You touch the strings of the heart, although words cannot be heard.

On a cold night in a forgotten city, your heart is so warm
That it makes the earth float up from the abyss
And my soul rejoices as it perceives only one thing,
Because your warmth embraces me, even when I don't see you anywhere.

Hjartalag

Þegar ein frænka mín var sögð hafa einstaklega fallegt hjartalag þá sagði ég: „Já, og það heyrist langar leiðir.“ Frænkan sú var alltaf hlý, góð og gjafmild. Mér finnst sem ég heyri óm af fögru stefi ef ég hugsa um þessa yndislegu konu. Þá er sól í sinni.

HJARTALAG

Ég heyri þitt hjartalag
hljóma um nótt sem dag
einsog það hafi alltaf lifað
í ómælisvídd með dásamlegum brag,
það tekur mig föstum tökum
og tælir með dýpstu rökum
og textinn er ljóð sem hjartað hefur skrifað.

Þitt hjartalag heillar mest
í huga mér er það best
einsog það hafi öllu fórnað
í alheimsins leik og fengið stigin flest
með hægum og hreinum tónum,
það heillar mig upp úr skónum
og takturinn geymir stef sem hjartað stjórnar.

Þitt hjartalag hæfir mér
því hugurinn með því fer,
óvenju tært og töfrum þrungið
í tilvist sem sýnir mér hvað ástin er,
það lifir sem ljós í dimmu
og logn eftir veðrin grimmu
því lagið þitt er af hreinu hjarta sungið.

SONG OF THE HEART

I can hear your heartbeat
Echoing night and day
As if it had always lived
Immeasurably with a pleasant flair.
It takes a careful hold of me
And seduces me with profound logic.
And the text is a poem written by the heart.

Your heartbeat is the most fascinating.
In my mind, it is the best
As if it had sacrificed everything
In the universe's game and scored the most points
With slow and clean tones,
It blows my mind
And the rhythm holds a theme governed by the heart.

Your heartbeat suits me
Because your mind goes along with it,
Unusually clear and full of magic
In an existence that shows me what love is.
It lives as a light in the dark,
Calm after the harsh weather,
For your song is sung from a pure heart.

Hljóðar bænir

Ég lærði ungur að eiga bænir. Snemma varð mér ljóst að bænir eru samtal við sjálfið. Þær eru samtal sem geymir mynd af sumri þegar vetrarvindar gnauða. Samtal þar sem vonin vakir en væntingarnar sofa, samtal, þar sem fagrar hugsanir fara einsog fiðrildi á milli blóma. Hljóðar bænir geyma rödd hjartans, þar sem samlyndi og samhljómur búa.

HLJÓÐAR BÆNIR

Ég leiði þig frá haustsins köldu klóm
og kossar mínir snerta þig að nýju,
því þannig verður ást þín einsog blóm
sem alltaf þarfnast birtu, skjóls og hlýju.
Þú veist, ég færði þér forðum
fegurð mína í orðum,
þau öðlast núna yndislegan hljóm.

Af hreinni alúð ávallt verðum við
að vernda blómið; stöngul, blöð og rætur
er dreyminn hugur finnur skjól og frið
í faðmi ástar; langar, kaldar nætur.
Ég finn í tali og tónum
töfraljósið frá snjónum;
er orð mín hljóma eftir langa bið.

Er sálar minnar bjarmi birtist þér
þín blíða fagnar tímans þunga straumi
því þér er ljóst að kærleikskenndin er,
í kyrrð míns hjarta, bundin þínum draumi.
Á meðan sálin þín sefur,
og sælan örmum þig vefur
úr vitund þinni vorið aldrei fer.

SILENT PRAYERS

I lead you away from autumn's cold claws
As my kisses will touch you again,
For thus your love is ever like a flower
Always in need of light, shelter, and warmth.
You know, I used to bring you
My beauty in words,
They now acquire a lovely sound.

Out of pure dedication, we will always
Protect the flower; stem, leaves, and roots.
When the dreaming mind finds shelter and peace
In the arms of love; long, cold nights.
I feel in speech and tones
The magic light from the snow;
My words resonate after a long wait.

The brightness of my soul appears to you,
Your tenderness greets the heavy current of time
For you know that love is,
In the stillness of my heart, tied to your dream.
While your soul sleeps,
And bliss embraces you,
Springtime never leaves your awareness.

Jökullinn

Það er kannski ekkert merkilegt að tignarleg fjöll elti mann öllum stundum. Jökullinn minn hefur stækkað og dregist saman við ystu sjónarrönd, skartað öllum regnbogans litum, sést vel á sólríkum sumardegi, verið vart greinanlegur í sorta og þoku. En ef ég loka augunum þá birtist hann ávallt í allri sinni dýrð.

JÖKULLINN

Upp úr öldum hafsins mót himinbláma rís
sem höll í landi guða, þakinn þéttum ís
hinn bjarti, fagri jökull með tign sem tælir þá
sem trúa á þann sannleik sem augun aldrei sjá.

Í faðmi blárra tinda ég týni sjálfum mér,
ég tekst á loft og áfram um draumaheim ég fer,
ég veit að þessi jökull hann geymir mikinn mátt,
hann magnar hverja hugsun og opnar hverja gátt.

Himinninn hann verndar hin bláu, fögru fjöll
og fegurðin hún byggir úr jökli mikla höll,
því undir þykkum feldi himinbláminn býr,
í birtu sem er fögur og ótrúlega skýr.

Ég hugsa oft um fjöllin sem faðma mig að sér
og fegurðin hún eignast skjól í brjósti mér,
því jökullinn sem vakir hann verndar mína sál
og vitundin hún skynjar öll lífsins leyndarmál.

THE GLACIER

Out of the wide sea waves, it rises towards the blue sky
Like a palace in the land of the gods, covered with dense ice
The bright, beautiful glacier with a majesty enticing
Those who believe in truth that eyes never see.

In the arms of blue peaks, I lose myself,
I take off and on, through the world of dreams I go,
I know that this glacier holds a mighty power,
It amplifies all thought and opens every portal.

Heaven protects the blue, beautiful mountains
And beauty builds a precious palace from a glacier,
For under a thick coat, the sky-blue dwells,
In a light that is beautiful and incredibly clear.

I often think of the mountains that embrace me
And their beauty shelters in my chest,
For the glacier, awake, protects my soul
And its consciousness perceives all the secrets of life.

Laun lífsins

Það eru forréttindi að vinna með Þorvaldi. Hann fer ótroðnar slóðir, jafnvel þegar hann fer troðnar slóðir. Hér er lagið unnið upp úr þekktum kafla í Rósariddaranum eftir Richard Strauss. Auk þess bætti hann einu erindi við ljóðið.

Stef ljóðsins er sótt í fornar hugmyndir um að elska örlög sín. Nietzsche skrifaði um þetta undir latneska heitinu ,,amore fati" og sjálfur hef ég kallað þetta „sáttarspeki". Ég er sáttur við útkomu lags og ljóðs, enda er það eina færa leiðin.

LAUN LÍFSINS

Á meðan þín ljósglæta stendur í stríði
og strit þitt að launum fær tildur og hjóm,
þá heyrir þú himneskan róm
sem huga þinn leiðir að bergmálsins klettum;
að lögmálum röngum og réttum
með reynslunnar leikrænu fléttum,
þess bíður þín dulúð að dagarnir líði
að dafni í hjartanu kærleikans blóm.

Þú skynjar að senn muni samviskan byrja
að sýna þér mátt sinn í daganna raun.
Þú þrammar um hégómans hraun
í heimi sem vitund þín þráir að skynja
er draumórahallirnar hrynja
og horfin er gæskunnar brynja,
þá finnst þér að viska þín verði að spyrja:
-Hvað vil ég frá lífinu hljóta í laun?

Er þarftu ei lengur þinn hernað að heyja,
í huganum verður sú spurningin næst
sem aðeins með einlægni fæst
er eldur af visku í náttmyrkri ljómar.
Sem spámannsins spaklegu dómar
þín spurning í bergmáli hljómar:
-Hvað gleður mitt hjarta er dagarnir deyja
og draumarnir hafa að endingu ræst?

Ef fegurðin líður um skýjanna skara
og skrýðir þá birtu með silfraðri rós,
þá kveikir hún leiftrandi ljós
og laufið og stjörnurnar velja sér greinar.
Sem riddarans raðhvössu fleinar
þín röksemd í skýjunum veinar:
-Um dreifðustu byggðirnar drepsóttir fara
og draumarnir finna sér laut uppi í Kjós.

THE REWARDS OF LIFE

While your brightness is at war
And your toil is rewarded with peace,
Then you will hear a heavenly roar
Leading your mind to the echoing cliffs;
To the laws of right and wrong
With the theatrical complexities of experience,
A mystery awaits you as the days pass
That the flower of love flourishes in your heart.

You sense that soon your conscience will start
To show you its power these days.
You trudge through the lava of vanity
In a world that your consciousness longs to perceive
As the palaces of dreams collapse
And gone is the armour of goodness,
Then you feel that your wisdom must ask:
-What do I want from life in return?

When you no longer need to wage your war,
When the question in your mind will be
The one that only can come through sincerity,
When a fire of wisdom is in the darkness of night
As the prophet's witty judgments
Your question echoes:
-How happy is my heart when the day dies
And the dreams have finally come true?

If beauty passes through the clouds
And adorns that light with a silver rose,
Then it turns on a flashing light
And the leaf and the stars choose their branches.
As the knight's sharp-edged blades
Your reasoning wails in the clouds:
-Throughout the most scattered settlements, plagues can pass
And your dreams find themselves in Kansas.

Ljóðið um veginn

Í heimspekinni er það kallað „sáttarhyggja“ þegar menn sjá frjálsan vilja og lögbundna atburðarás fara saman. Í Bókinni um veginn, sem rituð var fyrir u.þ.b. 2500 árum, snýst allt um gæsku og sátt. Og Ljóðið um veginn fjallar um samlyndi.

LJÓÐIÐ UM VEGINN

Sástu þann sem varð á vegi þínum
og vildi allt hið besta gefa þér?
Hann gaf þér ögn af mildum mætti sínum,
hans mikla gæska aldrei leyndi sér.

Og sástu þann sem alla ólund hafði
og illsku vildi sá í hjarta þitt?
Hann lífshlaup þitt á vegi vonar tafði
og vildi fá að efla hatur sitt.

Láttu aldrei vonsku hug þinn hrella
því henni skal af vegi þínum rutt,
þú situr kyrr ef grimmd þig fær að fella
en fyrir slíkt er lífið alltof stutt.

Já, láttu heldur þann sem fegurð færir
í faðmi þínum rækta heita þrá,
þá munt þú skynja ást sem endurnærir
þann yndislega heim sem þú vilt sjá.

THE POEM ON THE ROAD

Did you see the one who crossed your path
And wanted to give you all the best?
He gave you a bit of his gentle power,
His great goodness never hid.

Did you see the one who had all the ill will
And wanted to spread evil in your heart?
He delayed your race on the path of hope
And wanted to promote his hatred.

Never let evil frighten your mind,
For it shall be removed from your path.
You sit still if cruelty brings you down
But life is too short for that.

Yes, let the one who brings you beauty
Grow a deep desire, in your arms.
Then you will feel the love that renews
The wonderful world you want to see.

Ný mynd af þér

Sumarferðin er „rósrautt ský á himni hlýrrar nætur.“ Mynd ástarinnar er ljósið í nóttinni, vonin sem býr í deginum, óteljandi atvik sem smátt og smátt verða að minningafjalli. Hvert augnablik á fastan sess í óreiðunni.

NÝ MYND AF ÞÉR

Þú birtist einsog ljós í dyrum dagsins
og draumaskýin svífa yfir þér,
þér fylgir indæll söngur sólarlagsins,
ég sé að brosið þitt er ætlað mér.

Í skjóli dags ég sit og gef þér gætur
er gengur þú svo létt um okkar slóð,
sem rósrautt ský á himni hlýrrar nætur
í hjarta mínu kveikir vonin glóð.

Svo kemur nótt með óm af heitum hljómum
og hugur minn um draumaveröld fer
þá birtist þú með fangið fullt af blómum
og fegurð heimsins verður mynd af þér.

A NEW PICTURE OF YOU

You appear as a light at the door of the day
And the clouds of dreams hover above you
And you are accompanied by the beautiful song of the sunset.
I can see that your smile is meant for me.

And in the shade of a day, I sit and watch over you
As you walk so light on our path,
Like a rose-red cloud in the sky of a warm night
In my heart, the hope ignites an ember.

Then the night comes resounding with roaring chords
And my mind wanders about a dream world.
Then you will appear with your arms full of flowers
And the beauty of the world becomes your reflection.

Orðspor

Þegar hann afi minn fór til sumarlandsins, var haldin einföld útför og sjálfur fann ég fyrir sorg og söknuði. Þá stóð hjá mér vinur afa míns og hann sagði: „Það er aðeins eitt sem hægt er að gera þegar ástvinur deyr. Það er einungis ein leið fær. Eitt atriði er nauðsynlegt. Maður verður að sætta sig við orðinn hlut, vegna þess að það er ekkert annað í boði.“ Sporin breytast í minningar og minningar skapa sátt.

ORÐSPOR

Hér heggur þú spor þín með dögum í tíma sem tifar
og tárin þín verða að regndropum, slyddu og snjó,
mót þverhnípi lífsins svo bakpoka þínum þú bifar,
já, burðast með eignirnar þínar að himneskri ró.

Með glerhýsin troðin af baktali, beiskju og slúðri
fær berskjölduð þjóð þín að rækta sinn frostrósagarð
en þú gengur veginn frá karpi og ómældu klúðri
og kjagar að ætternisstapa með skjótfenginn arð.

Þín vitund með trega er hlekkjuð við erfiða ævi
og auðlegð þú þráir þótt visni þitt dauðlega hold
en vasar á líkklæðum eru víst aldrei við hæfi
og orðspor þitt lifir þótt líkaminn hverfi í mold.

Því skaltu það hugsa, á meðan þú djásnið þitt dregur
um daganna farveg, hvers virði sú þrautseigja er
sem trúir á hjóm, þegar arður er ómælanlegur
af ástúð og visku – sem reyndar er falin í þér.

REPUTATION

It is here you mark your steps with days in time that ticks
And your tears will become raindrops, sleet, and snow.
Meet the crosshairs of life, so you pack your backpack,
Yes, carry your possessions to heavenly peace.

With the glass houses crammed with backbiting, bitterness, and gossip
Your vulnerable people can cultivate their frost rose garden.
But you walk the path of carp and immeasurable mess,
With heavy steps you face death with profit in your hands.

Your reluctant consciousness is chained to a hard life.
And riches you desire though your mortal flesh wither.
But pockets on shrouds are never appropriate.
And your reputation lives on even if your body turns to dust.

Therefore, think, while you drag your precious objects
On the daily road, of the value of the perseverance
Which believes in unreality when the dividends are immeasurable
Of love and wisdom – that actually is given to you.

Ritstjóri ljóðviljans

Ljóðviljinn er málgagn andans og þar var Steinn Steinarr lengi ritstjóri. Hann opnaði sýn ungra manna og hann opnar enn augu fólks. Hann gaf ljóðinu vit og vængi. Hugsjónir hans brutu múra óttans og reistu fjallgarða frelsis.

RITSTJÓRI LJÓÐVILJANS

Sem dugmikinn málsvara átti þig öreigastéttin
en aðra það hrelldi að ljóðanna broddur gat stungið
og þegar þú kvaddir og birtist í fjölmiðlum fréttin
varð fólkið í landinu sorgmætt og alvöruþrungið.

En þegar til himna þú mættir með minningar þínar
á móti þér tók þessi alkunna heilaga þrenning
og Guð bað um jöfnuð og frið fyrir sálirnar sínar
og sýndi að uppi á himnum er blómstrandi menning.

Um Valhúsahæðina gengur hin græneygða stúlka
og geymir í hjartanu manninn með mógula hárið
hún lítur á krossinn og réttlát hún reynir að túlka
öll rismiklu ljóðin sem ortirðu hérna um árið.

Er kvaddir þú heiminn, var líklega lágt á þér risið
en lundin og heimspekin gátu þó auðvitað dugað
því einu þá gildir hvort holdið er vannært og visið
ef vitundin geymir þann fögnuð sem ekkert fær bugað.

EDITOR OF THE POETIC WILL

As a diligent advocate, you had the proletariat on your side,
But others felt the sting of your poetry,
And when you said goodbye and the news broke in the press,
The country was saddened and deeply moved.

But when you went to heaven, with your memories,
You were received by the well-known Holy Trinity,
And God asked for equality and peace for his souls,
And showed that up in heaven there is a flourishing culture.

The green-eyed girl walks through the courtyard,
Holding in her heart the man with the shaggy hair;
She looks at the cross and righteously tries to interpret
All the rhyming poetry that you wrote in the past.

When you said goodbye, you probably lay low,
But humility and philosophy could, of course, suffice only if,
Regardless of whether one is undernourished and withered,
If one's consciousness retains the joy that nothing can crush.

Þá veistu það

Farsæld, hugarró og góð gildi kalla á sátt, að sætta sig við farinn veg, að vera fremur stoltur af mistökum en harma þau. Sáttin er auðvitað besta veganestið. Að halda í langferð með bjartsýni að leiðarljósi hlýtur að vera skynsamlegt. Áætlun sem tengist góðum gildum er rétta leiðin.

ÞÁ VEISTU ÞAÐ

Að skoða stöðugt hvert þú ætlar ekki
sem eilíf þraut mun huga þínum reynast.
Ef óttinn þína sál fær sett í hlekki,
þá sérðu vart hvar tækifærin leynast.

Að geta stefnu fundið fótum sínum
mun farsæl lausn á brautum lífsins vera,
því skaltu geyma von í vösum þínum
og vita hvað þig langar til að gera.

Þú rýna skalt í augnabliksins anda
þá öllum spurningum mun hjartað svara.
Ef þráir þú að viskan leysi vanda
þá veist þú kannski hvert þú ert að fara.

SO NOW YOU KNOW

Constantly looking at where you are not going
As an eternal puzzle will test your mind.
If fear can put your soul in chains,
Then you can hardly see where opportunities lie hidden.

To be able to chart a direction for your feet
Will be a successful solution to the paths of life,
Therefore, keep hope in your pocket
And be sure to know what you want to do.

You must examine the breath of the moment
And all your questions will be answered by the heart.
If you long for wisdom to solve your problems
Then maybe you will know where you are going.

Þrá

Hver segir að þrá þurfi að vera raunhæf eða aðgengileg? Að þrá er alveg einstaklega nærandi fyrir sjálfsvitundina, enda er vonin vítamín sálarinnar. Ef barn þráir að lífið verði sumarferð, þá þarf sú upplifun aldrei að verða blekkingum háð þótt hausti að og ýlfrandi vindar breyti tíbrá í hrímþoku. Sumarferðin er nefnilega farin í huganum.

ÞRÁ

Það þiggur einhver mína hjálparhönd
og hljóða rödd sem innra með mér blundar,
þann heita straum sem bræðir klakabönd
og birtuna sem vaknar innan stundar.

Og einhvern laðar það sem helst ég hef,
það hugarþel sem ég vil fá að sýna
og einhvern kætir gleðin sem ég gef,
sú gæska sem er tengt við vitund mína.

Víst geng ég jafnan út á ystu nöf
er alúð vil ég vinum mínum tryggja
og fögur hugsun er sú góða gjöf
sem gef ég öllum þeim sem vilja þiggja.

Og seinna meir í þraut mun þörfin sjást
er þagnar bergmál minna hljóðu skrefa,
þá skynjar kannski einhver sanna ást;
þann unað sem ég þrái helst að gefa.

LONGING

Someone will accept my helping hands
And a quiet voice that slumbers within me,
That warm current that melts ice bands
And the light that bursts forth instantly.

And someone is drawn to what I have to offer,
The inside of my mind that I want to show
And someone likes the joy I give,
The goodness associated with my awareness.

I guess I always go out on a limb
In dedication. I want to assure my friends
That a beautiful thought is the best gift
That I give to all who will accept it.

And later, in hardship, the need will be seen
In the hushed echo of my silent steps,
Then maybe someone perceives true love;
The pleasure I most desire to give.

Þrjár spurningar

Að spyrja, að efast, að láta gagnrýna hugsun vaka, að láta svör verða að nýjum spurningum, það er lykillinn að lífshamingjunni. Að leita sátta í hljómkviðu heimsins og láta sáttina endurnæra vitundina, til þess er leikurinn gerður. Sumarferð sálarinnar lýkur ekki þótt hjartað hætti að tifa.

ÞRJÁR SPURNINGAR

Hvert fótspor í mold er skrásett sem eilífur arður
og uppskera ljóssins sem stöðugt er tímanum háð.
En hefurðu séð hve lífið er litríkur garður,
hvar lótusum kyrrðar og glóandi fiflum er sáð?

Hér gildir í raun að þrauka án beiskju og bræði
að brosa mót sólu og dásama storma og regn.
En hefur þú snert þá fegurð sem færir þér næði,
já, friðinn sem ríkir og verður þér aldrei um megn?

Þú skynjar þitt ljós og sálin þín blómstrar hjá brunni
er birtan að eilífu þeytist um ómælis geim.
En hefurðu heyrt það bergmál frá blíðunnar grunni
sem breytir hér myrkri og kulda í töfrandi heim?

THREE QUESTIONS

Each footprint in the soil is a fraction of an eternal dividend
And the harvest of light that is constantly dependent on time.
But have you seen how life is a colourful garden,
Where seeds of lotuses of tranquillity and glowing dandelions spread?

Here it really counts to persevere without bitterness and anger,
To smile at the sun and marvel at storms and rain.
But have you touched the beauty that brings you peace,
Yes, the peace that reigns and will never be too much for you?

You perceive your light and your soul blossoms at the well
Whose light forever sweeps through immeasurable space.
But have you heard that echo from the tender depths
Which turn this darkness and cold into a magical world?

Sextán söngvar
~ og tveir að auki

Lágstemmdar línur

Ljóðin í þessum flokki geyma lágstemmdar línur sem fjalla um innviði þeirrar fegurðar sem mennskan kann að skapa. Mér var í æsku kennt að oft geti orðin haft meiri áhrif ef þeim er hvíslað. Öskrið eyðir merkingu orðsins, rétt einsog ofbirta eyðir myndum heimsins. Með þessu ljóði langar mig að hvísla að ykkur óttaleysi sem segir að lífið birtist einsog ljóð sem framtíðin yrkir til okkar.

LÁGSTEMMDAR LÍNUR

Í dökkgráu húminu hafaldan suðar,
á háværa vindana komið er los
er fannhvítur engill á gluggann þinn guðar
með glampa í augum og heillandi bros.

Er vindarnir gnauða svo glaðir og léttir,
þitt gangverk í brjóstinu tifar svo ört
því engillinn kemur og flytur þér fréttir
af framtíð sem bæði er himnesk og björt.

Þú horfir í augun á englinum þínum
hann opnar þér leiðir að huglægri sýn
og flytur þér hlýju í lágstemmdum línum
úr ljóði sem framtíðin orti til þín.

LOW-PITCHED LINES

The hum is dark, waves are dimly churning.
The loud storm has been unleashed,
A snow-white angel appears at your window,
With a twinkle in his eyes and a charming smile.

When the winds are blowing so happy and light,
The clock in your breast is ticking so fast,
The angel comes and brings you news
Of a future so heavenly bright.

You look into your angel's eyes,
Who opens the way to a dream – a vision
And brings you warmth in low-pitched lines
From a poem that the future wrote for you.

Þegar ljóðið lifir

Ef okkur tekst að nálgast töframátt tals og tóna, ef tungumálið og tónarnir skila okkur þeim sannleika sem einungis tilfinningar okkar og innviðir sálarinnar geta höndlað, þá getum við öðlast skilning sem vekur hjá okkur löngun til góðra verka. Ljóðið fæðist og fær sitt heimili. Ljóðið verður til hjá þeim sem yrkir en lifir hjá þeim sem lesa.

ÞEGAR LJÓÐIÐ LIFIR

Þreyttur, veikur, sár og svangur
sit ég einn með minni raun.
Þetta eru lífsins laun.
Litlu hef ég áfram þokað
en öllum leiðum mínum lokað.
Nú læðist að mér hugarangur.
Mín tröð var lögð um tímans hraun.

Úr augsýn minni er nú farið
allt það fólk sem hjá mér stóð.
Aðeins þetta litla ljóð
lifir meðan holdið dofnar.
Er hjarta lamast, hugur sofnar
þá heyrir vitund lokasvarið
er leggst til hvíldar lífsins glóð.

THE POEM LIVES ON

Tired, sick, sore, and hungry
I sit alone facing my past.
This, then, is life's reward.
Little, in truth, have I achieved.
And all roads closed behind me.
Now my heart is aching.
My path traced on the lava of time.

They are all gone,
Those who stood by me.
Only this little poem
Lives while the flesh fades.
If the heart is paralyzed, the mind falls asleep
The subconsciousness hears the final answer
And lays to rest the embers of life.

Til mín engri björg ég bifa
er berst með draumum holdið kalt.
Mér er leyft að muna allt,
hver minning verður ljóð og saga,
ég átti forðum fagra daga,
hér fannst mér gott að lifa
þótt löngum væri lánið valt.

Salvation is not within my reach
When my cold flesh follows the dreams.
I am allowed to remember everything,
Each memory flowering as poetry,
I have known glorious days,
I loved living here.
Even though my luck was overdue.

Móðurminning

Þegar móðir fellur frá, þá er einsog klippt sé á strenginn sem tengir sálina við heiminn. Þegar maður hefur átt miklu foreldraláni að fagna þá verður til nístandi sársauki við fráfallið. En samtímis er einsog tómarúmið kalli ekki beinlínis á sorg, þar eð þakklætið er öllu yfirsterkara. En söknuður er mikill og hann er þannig að þegar maður ekur um borgina þá er maður alltaf ómeðvitað á leið til mömmu.

MÓÐURMINNING

Hjartans eldur hefur brunnið,
horfið það sem áður var,
lífsins starf svo lengi unnið
með ljósi margan ávöxt bar.

Þú sem gafst mér ást í æsku
sem entist vel á lífsins braut,
í faðmi þínum frið og gæsku
fann ég leysa hverja þraut.

Þú sem gegnum unglingsárin
áhyggjurnar mínar barst,
þú sem vildir þerra tárin,
í þjáningu mitt skjól þú varst.

IN MEMORY OF A MOTHER

The fire in the heart has burned,
Gone is what was before,
The work of life so long done
With light so joyfully fruitful.

You who gave me love in youth
That lasted well on the path of life,
In your arms, your peace and kindness
Solved every puzzle in my mind.

You who carried all my worries
Throughout my adolescence
You who wanted to wipe all tears,
In my suffering, you were my shelter.

Þú sem barst þinn harm í hljóði
hræddist ekki dauðans mátt.
Er falla tár, með fögru ljóði
ég fæ að kveðja þig í sátt.

You who wore your grief in silence,
You didn't fear the force of death.
When tears are falling, with a sweet ode,
I get to say goodbye in harmony.

Við glugga um nótt

Söknuðurinn sem sorg ástarinnar kallar fram er einsog um sé að ræða hlut sem brotnar og aldrei verður límdur saman. Ástarsyrgjandinn getur ekki séð þakklætið í fyrstu því hann er blindaður af því sem aldrei varð. En smátt og smátt dofnar sorgin og syrgjandanum verður ljóst að betra er að elska og missa en missa af því að elska.

VIÐ GLUGGA UM NÓTT

Ég sest á stól við gluggann en sé þó ekki út
því einsemd mín á skjól í ljóðsins línum
og sorgmædd milli trjánna er nóttin niðurlút
í nöturlegri kyrrð í garði mínum.

Ég veit að nóttin ráfar um snjóinn köld og klökk
er kvelst ég einn með efasemd og syndir
og núna skynjar sálin í myrkri – djúp og dökk
að dagar ástarinnar voru blindir.

Nú skelf ég einsog hrísla sem rokið faðmað fær,
nú flögra burt öll yndislegu brosin.
Ég sé að draumkennd rósin á köldu gleri grær.
Á glugga mínum eru tárin frosin.

BY THE WINDOW AT NIGHT

I sit by the window; I can't see through the glass.
My loneliness seeks shelter in the lines of the poem.
So sad among the trees the night is down and gloomy
In the eerie stillness of my garden.

I know that the night wanders through the snow,
Cold and close to tears as I face torment, doubt, and sins.
And now the soul perceives in darkness – deep and sad
That the days of love were blind.

Now I tremble like a shred embraced by the wind,
Now all the lovely smiles flutter away.
I see the dreamy rose as it blooms on cold glass.
On my window, my tears are frozen.

Ekkert að óttast

Forn speki segir okkur að það sé svo fátt í heiminum sem við getum virkilega haft áhrif á og af þeirri augljósu ástæðu sé yfirleitt óþarfi að æsa sig yfir fyrirbærum einsog veðri, náttúruhamförum eða öðru slíku. Eins er það með óttann – allajafna er hann ástæðulaus einkum þegar við óttumst hið óþekkta. Víst er gott að hafa varann á. En nagandi ótti ætti í flestum tilvikum að víkja fyrir voninni, sem er vítamín sálarinnar.

EKKERT AÐ ÓTTAST

Er göngum við veginn sem liggur um lífið að dauða,
þá látum við tár okkar falla í minningasafn.
Nú heyrir þú einmana vindinn hjá glugganum gnauða
er grúfir þitt hjarta í myrkri sem vængbrotinn hrafn.

Í sjúkdómsins fjötrum nú deyfir þú harminn í hljóði
og heldur sem fastast í svefninn sem skjólgóður er
og minningabrotin þú fægir með táranna flóði
því fegursta sálin í heiminum ljómar í þér.

En þegar þú vaknar þá eignast þú andlegan tengil
er eilífðin hvíslar að þér gegnum stormanna gný
og hjartað þitt breytist í frjálsan og fannhvítan engil
sem flýgur mót ljósi í veröld sem alltaf er hlý.

NOTHING TO FEAR

We are walking the road that leads from life to death,
And we let our tears fall into a memorial museum.
Now you hear the lonely wind rustling by the window,
Burrowing your heart in darkness like a broken-winged raven.

In the shackles of your disease, you muffle the grief in silence.
And as tight as possible, you hold on to the sheltered sleep,
And you polish the broken memories with a flood of tears
As the most beautiful soul in the world shines within you.

Then you wake up, you receive a spiritual link.
As eternity whispers through the roaring storms
And your heart becomes a free and snow-white angel
Flying towards the light in a world that is always warm.

Minn eilífi draumur

Ég las um það í fornum fræðum, að það að sættast við söknuð væri einsog að eignast nýjan vin. Þetta er eflaust ágætur vísdómur. En við þráum öll að elska og vera elskuð og ástin er einsog lífshvötin sjálf, hún lifir á meðan hún er til staðar. Hún getur dofnað en neistinn virðist tóra. Það er í senn sárt og sælt að sakna; sárt vegna missis og glataðra tækifæra, sælt vegna fallegra minninga og þakklætis.

MINN EILÍFI DRAUMUR

Ég sakna þín auðvitað aldrei of mikið
en ávallt ég þrái þinn dýrasta feld
er sé ég á rúðunni saltið og rykið
og svartnættið hrópar á draumanna eld.

Ég hlusta á gnauðið hjá glugganum mínum,
í glerinu speglast mín flöktandi mynd
og draumarnir birtast í dulráðum sýnum
sem draga mig niður í huglæga lind.

Mitt eðli er lögmál sem enginn mun brjóta
og eld minna drauma skal hjarta mitt þrá.
Hér fæddist ég ekki og fæ þess að njóta
að feigðin mun aldrei í sál mína ná.

Svo er það víst ekkert sem sálin mín saknar
er sekkur mín hugmynd í iðandi straum
því hjarta mitt sofnar ef veröldin vaknar
og vitund mín breytist í eilífan draum.

MY ETERNAL DREAM

Of course, I never miss you too much,
But I always long for your warmest fur
When I see the salt and dust on the window
And the black night shouts at the fire of dreams.

I listen to the rustling at my window,
In the glass, my flickering image is reflected,
And the dreams appear in cryptic visions,
Which draw me down to a subjective well.

My nature is a law that no one will break,
And the fire of my dreams shall be my heart's desire.
I was not born here, and I rest assured
That death will never reach my soul.

There is nothing that my soul could miss
As my mind sinks into a rushing stream
Because my heart falls asleep if the world wakes up
And my consciousness turns into an eternal dream.

Lífsblóm

Í minningarljóðinu um móður mína, hér að framan, var talað um fræ sem vökvað er með tárum. Fræin eru í öllu sem við gerum. Við sáum og uppskerum í öllum okkar sigrum og öllum okkar raunum. Hvert orð, hver hugsun, hvert spor, hvert bros og hvert tár. Allt eru þetta fræ sem við sáum. Oft í frjóan jarðveg, stundum í grýtta auðn. Og ef við erum stolt af mistökum okkar, þá fyllum við vasana af hugmyndum sem við sáum hvar sem við komum.

LÍFSBLÓM

Hið fegursta líf hérna færð þú að gjöf
svo fullkominn ávöxt þú berir
og verður því síðan frá vöggu að gröf
að vanda það allt sem þú gerir.

Er veraldar næringu hlýtur þitt hold
af hugsun skal sálin þín dafna,
svo öðlast þú visku úr ástríkri mold
ef ætlar þú reynslu að safna.

Og frelsi þitt verður sem frjókorn í blæ
er faðmar þig eilífðar drómi,
þá veistu að lífið er viskunnar fræ
sem verður að fallegu blómi.

FLOWER OF LIFE

A most beautiful life you got as a gift
So that you can bear the perfect fruit,
And from the cradle to the grave
You must ever do your very best.

Your body is nourished by the world,
And your soul shall prosper from your thought.
So, you will gain wisdom from loving soil
If you aim to harvest experience.

And your freedom will be pollen on the wind,
When an eternal dream shall embrace you,
Then you know that life is the seed of wisdom
As it becomes a beautiful flower.

Leiðin liggur heim

Ég kom eitt sinn á sveitabæ með bilaðan bíl. Bóndinn tók mér afar vel og sá um að koma bílnum mínum í lag. Ánægja skein úr hverju andliti. Þegar ég ræddi við bóndann þá sagði hann eitthvað á þessa leið: – Ég hef nú svosem ekki víða farið en útfyrir túnfótinn hef ég komið, oftsinnis vappað um fjallið og farið um fjöruna hérna fyrir vestan bæinn. Og alltaf skal nú leiðin liggja heim … jafnvel þótt langt sé farið.

LEIÐIN LIGGUR HEIM

Hérna er landið sem forðum svo fallegt ég sá,
fjöllin sem haustkaldir vindarnir náðu að sverfa,
lognríka myrkrið sem svefnvana sálin mín á
sælunnar fótmál sem hvorki mun eyðast né hverfa.

Hérna er húsið sem eilífa gæfu mér gaf,
gróskunnar vitund sem spor mín að foldinni dregur,
eldur sem lýsir upp draumanna dulúðarhaf,
djásnið í hjartanu, andanna fegursti vegur.

Birtan frá arninum hlustar á loganna ljóð,
léttfættur reykurinn svífur mót himneskum skuggum,
sólgulir bjarmarnir daðra við dýrðlega glóð,
dansandi stjörnurnar speglast í gegnsæjum gluggum.

Aftur fær hugur að leika um æskunnar land;
litanna dásemd sem hjartað í fyrndinni kvaddi,
aftur fer hugur um fjörunnar fegursta sand
sem fýkur í hita en sefur í brennandi gaddi.

THE WAY HOME

Here is the land that once I saw so wondrous,
The mountains smoothed down by cold autumn winds,
The calm darkness that a sleepless soul possesses,
Footsteps of bliss that will neither fade nor vanish.

Here is the house that gave me eternal fortune,
Lush awareness that draws my steps to the ground
A fire that lights up the mystery sea of my dreams,
The path of the heart and the most beautiful way of the spirit.

The light from the fireplace listens to the song of the flames.
The light-footed smoke floats against heavenly shadows,
The yellow glow flirts with glorious embers,
The dancing stars reflect in transparent windows.

Again, the mind may play in the land of youth.
The wonder of colours that my heart left in the past,
Once again, the mind wanders to the beach's most beautiful sand,
Which flies in the heat but sleeps in the burning frost.

Fagur engill fylgir þér

Ég heyrði einhverju sinni tónskáld tala um engla. Það sem uppúr stóð var hugdetta sem var á þá leið að tónlist og englar eigi það sameiginlegt að vera af öðrum heimi, en samtímis afl sem tengir okkur við mennskuna í okkur sjálfum. Og ég man að mér þótti tónlistin sem í kjölfarið fylgdi alveg einstaklega falleg.

Eitt sinn ræddi ég við börn um engla. Þar var stúlka sem sagði: – Ef englar eru ekki til þá er ég ekki til. Vegna þess að börn eru englar – englabörn.

Ég mun aldrei reyna að draga þessi orð í efa.

FAGUR ENGILL FYLGIR ÞÉR

Það svífur engill yfir þér
er inn í þennan heim þú fæðist
að morgni lífs er myrkrið fer
og máttur ljóssins bjarta glæðist.

Hann verður þér sem lífsins lag,
það leikið er á hjartans strengi
um fagra nótt og fagran dag
það fær að hljóma vel og lengi.

Hvert augnablik mun sál þín sátt
við sannleikann sem lífið færir,
þú hljóta skalt þann hreina mátt
sem hugsun þína endurnærir.

Og þó að nóttin næði köld
og nái lífsins mynd að breyta,
þótt fjúk og stormar fái völd
mun fagur engill skjól þér veita.

Sem söngur lífsins hljómar hér
þitt hjartalag á björtum degi
því fagur engill fylgir þér
fótmál hvert á lífsins vegi.

A FAIR ANGEL FOLLOWS YOU

There is an angel hovering over you
As you are born into this world
In the morning of life, when darkness departs
And the power of the bright light rejoices.

It will be the song of your life,
Played on the strings of the heart
About a wonderful night and a beautiful day
It should sound good and last a long time.

Every moment your soul will be satisfied.
To the truth that life brings,
You shall receive that pure might
Which refreshes your mind.

And though the night grows cold
And manages to change the shape of life,
Even though winds and storms prevail
A fair angel will protect you.

Your heartbeat sounds like the song of life
On a clear blue day
Because a beautiful angel follows you
Every step of the way.

Fögur mynd

Víst dáir hugur hin djörfu augu. Við dáumst að fegurð og við sýnum aðdáun okkar í verki. Þegar við göngum um garð lífsins er einsog flest augnablik okkar séu sett upp einsog vindmyllur sem virkja yndið til þess eins að framleiða fagrar minningar. Ég á svo margar fagrar minningar að ég kemst ekki hjá því að deila þeim með samferðafólki mínu. Ef ég ræði um liðna tíð, skal ég alltaf ramba á að minnsta kosti eina fagra minningu.

FÖGUR MYND

Við Hljómskálann hún stóð með ljósa lokka,
með líflegt bros og fagurrauða vanga,
í skugga sýndu augun yndisþokka
er áfram veginn þráði hún að ganga.

Hún orðum skáldsins hug og hjarta veitti
er húmið læddist undan faldi skýja
en votum strætum brosið hennar breytti
í bjarta veröld – ilmandi og hlýja.

Og ástin varð sem taumlaus táraflaumur
er tilfinning fann skjól í þeirra sálum
og skáldið sá að lífsins djarfi draumur
með dulúð eyddi öllum vandamálum.

Á móti farsæld votu strætin virtust
með vonarglætu sálir þeirra teyma.
Það var um ágústnótt að englar birtust
og ortu ljóð sem hjörtun fá að geyma.

BEAUTIFUL PICTURE

By the Music House, she stood with golden locks,
With a lively smile and beautiful red cheeks,
In the shade, the eyes showed a delightful charm
While she longed to walk the road ahead.

She gave the words from the poet her heart and soul
When the dusk crept beneath bedraggled clouds
But her smile changed wet streets
Into a bright world – fragrant and warm.

And love became like an unbridled stream of tears
When a feeling found shelter in their souls
And the poet saw that life's bold dream
Mysteriously removed all their worries.

It seemed like the wet streets drew their souls
With hopeful light toward success
It was on an August night that angels appeared
and wrote poems that hearts can hold forever.

Tónlist hjartans

Hvað er ástin annað en kliðmjúkir tónar sem fylla sálina sælu? Ég lærði að skilja hughrif ástarinnar þegar ég horfði á mömmu og pabba. Ást þeirra var hrein og tær. Þau kunnu að kýta þegar pabbi svindlaði í spilum. En þau voru alltaf sátt og ég held að þau hafi haft það markmið eitt í lífinu að gera eitthvað gott á hverjum degi.

Ef ég hugsa til þeirra hljómar í sál minni söngur sem ég get aldrei lýst með orðum. En minningin um þessa sönnu ást er svo óendanlega sterk að ég held að hún geti ekki horfið úr huga mér. (Undir lok ljóðsins á fær húmor Þorvaldar að ljóma).

TÓNLIST HJARTANS

Ástin er tónlist hjartans; svo hlý og blíð,
hljómurinn verður sem ljós í okkar sálum,
í æðum og taugum hún lifir svo ljúf og þíð
leikin og sungin á öllum tungumálum.

Söngur um gæsku iðar hvern æviveg,
unaður hjartans er vafinn tónaflóði,
hljómkviða lífsins; einlæg og yndisleg,
orð hennar birtast í tímans langa ljóði.

Eldur í æðum vekur svo djarfan dans
er dásemdin strýkur streng með sálarboga,
vitundin skynjar kraftaverk kærleikans
og kliðmjúkir tónar í hjörtum fá að loga.

Ástin er tónlist hjartans; svo hlý og blíð,
hljómurinn verður sem ljós í dagsins önnum,
í æðum og taugum hún svífur svo sæl og þíð
sungin og leikin af þýskum listamönnum.

MUSIC OF THE HEART

Love is the music of the heart; so warm and gentle.
The sound becomes like a light in our souls,
In veins and nerves, it lives so sweet and tender,
Played and sung in every tongue.

A song of goodness in every way of life,
The thrill of the heart is in a flood of tones,
The resonance of life; sincere and lovely,
Its words appear in a long poem of time.

Fire in the veins awakens such a bold dance,
Like wonder strokes a string with a soul's bow.
Consciousness perceives the miracles of love,
And sweet notes in hearts are allowed to burn.

Love is the music of the heart; so warm and gentle.
The sound will be like a light in the daytime,
In veins and nerves, it flies so sweetly and tenderly,
And often played and sung by German artists.

Vilji vindsins

Þegar tvær sálir hittast, þegar leiðir skarast og tvær sálir verða að einni, þá er einsog vilji vindsins hafi feykt fólki í réttu sporin. Og við köllum það heppni, þegar vindurinn og lognið skiptast á um að vísa okkur veginn. Þá er sem vonarfræin skjóti rótum. Stundum er engu líkara en sporin séu skráð í moldina, sandinn og snjóinn áður en við leggjum af stað. Stundum segir rokið okkur að sitja heima og stundum er einsog hlý gola segi okkur hvert best sé að halda.

VILJI VINDSINS

Þú manst þann dag er vindur vakti þig
og vonarglætan braust á milli skýja,
og vitund þín var afar sátt við sig,
þá sóttu að þér bæði ljós og hlýja.

En haustsins vindur kom og frjáls hann fauk,
hann felldi blóm sem hjartanu var kærast,
þín sorg var köld er þessu lífi lauk;
og ljósið dó sem áður brosti skærast.

Svo fékk hann þig um táradalinn teymt,
hann tekið hafði blóm úr þínu beði,
þitt hjarta fann að vart þú gast því gleymt
sem gerðist þegar máttur vindsins réði.

En skuggi dagsins fær að fylgja þér
er ferð þú ljóssins veg mót tímans hjóli.
Þú skilur best hver vilji vindsins er
ef vaknar lítið fræ í hlýju skjóli.

Í vindinum þú finnur fagran stað
og fræið þitt mun verða þar að blómi,
þú skynjar það sem líf þitt leitar að
því lognið býr í vindsins endurómi.

WILL OF THE WIND

You remember the day when the wind woke you up,
And the ray of hope broke through the clouds,
And your consciousness was very pleased with itself,
Then both light and warmth were attracted to you.

But the autumn wind came and blew so free,
It blew away the flower that was dearest to your heart.
Your sorrow was cold when this life ended;
And the light, which once smiled brightest, died.

It guided you through the valley of tears.
It had taken the flowers away from you.
Your heart could feel that you could hardly forget
What happened when the power of the wind ruled.

But the shadow of the day may follow you,
When you walk the road of light against the wheel of time.
You can easily understand the will of the wind
When a seed awakens in a warm shelter.

In the wind, you find a beautiful place.
And there your seed will become a flower,
You perceive what your life is searching for
Because the calm lives in the echo of the wind.

Við gröfina þína

Þegar hann pabbi minn dó, þá var einsog heimsljósið dofnaði. Ég man að ég velti því lengi fyrir mér hvernig maður kveður mann sem fylgt hefur manni allt lífið. Hvernig kveður maður mann? Hvernig kveður maður þann sem er ritaður í erfðamengið sem ég skila síðan áfram? Sorg og gremja byrja að strá salti í sárin. En síðan kemur vindur minninganna og feykir leiðanum burt. Eftir stendur maður sem er stoltur af því sem honum var fært – það allt sem honum var kært.

VIÐ GRÖFINA ÞÍNA

Svo máttvana grét ég við gröfina þína
í gær þegar sólin í hafdjúpið hvarf,
þá vildi ég sýna þér sorgina mína;
þá sárustu gremju sem hlaut ég í arf.
Ég heyrði í vályndum vindinum hvína
á vegi sem geymir þitt lífstíðar starf.

Þótt fráfall þitt ýtti hér flestu úr skorðum
og fortíðin breyttist í minningahyl
þá hvíslaði hafgolan einlægum orðum
og unaði kærleikans gerði ég skil,
og sálin mín skynjaði frið einsog forðum
er fann ég í hjartanu birtu og yl.

BY YOUR GRAVE

Yesterday I wept so weakly at your grave
When the sun disappeared into the depths of the sea,
I wanted to show you my sorrow,
The most agonizing sentiment I inherited.
I heard the howling of dangerous wind
On a road that holds your life's work.

Although your passing pushed things out of bounds
And the past turned into a memory hole,
Then the sea breeze whispered sincere words
And I could feel the joy of love,
And my soul perceived peace as it was before
When I felt joy and light in my heart.

Er hafgolan dansar með draumana sína
ég dásama birtu sem hverfur svo fljótt.
Og næst þegar græt ég við gröfina þína
skal gleði mín rísa sem dagur af nótt,
því þá mun ég sættast við sorgina mína
og sjá þínar minningar gefa mér þrótt.

When the sea breeze dances with its dreams
I marvel at the light that fades so quickly.
And next time when I cry at your grave
My joy shall arise as day from night.
And then I will be reconciled to my sorrow
And see how your memories give me strength.

Vonarglæta

Vonin er vænghaf hjartans og vítamín sálarinnar. Ljósið sem við greinum þegar við erum ekki að horfa og fegurðin sem lokuð augu sjá. Það stóð eitt sinn strákur við garðhliðið okkar í Skerjafirðinum. Hann sagði til nafns og bætti svo við: – Það þýðir ekkert að skamma mig. Ég á enga von. Þau segja öll að ég sé vonlaus.

Eins eru mér minnisstæð orð öldungs sem hafði lengi verið kennari. Hann orðaði hugsun sína svona í mín eyru: – Hvað er auðveldara en að vona?

VONARGLÆTA

Í beiskri sorg er tungu minni tamt
að tala vel um vonarljósið skærast
þó skynja ég að sárast finnst mér samt
að sakna þess sem hjartanu er kærast.

Er sorgin fær um allar æðar streymt
og undir niðri biturð nær að krauma
þá finnst mér best að geta ekki gleymt
því góða sem í fortíð vakti drauma.

Um alla drauma mína segja má,
þeir myndu rætast ef þeir bara gætu
því skynja ég að hjartað alltaf á
svo yndislega fagra vonarglætu.

Já, vonarglætan dafnar dásamleg
er dökkir skuggar yfir lífið færast.
Með minningar um sólskin sofna ég
og sakna þess sem hjartanu er kærast.

RAY OF HOPE

In bitter sorrow, my tongue has this habit:
To speak well of the brightest light of hope.
However, I sense that I still feel hurt
To miss what is dearest to my heart.

As the sadness flows through all my veins
And underneath, bitterness begins to simmer
Then I think it's best not to be able to forget
The good things that gave rise to dreams in the past.

About all my dreams, I may say
That they would come true if only they could
That's why I feel that the heart always possesses
Such a lovely joy of hope.

Yes, hope thrives in wonder and beauty
As dark shadows move over life.
With memories of sunshine, I fall asleep
And miss what is dearest to my heart.

Sagan

Hér hefur verið sögð saga í tali og tónum. Saga ástar, saga af söknuði, saga af fræjum, saga af von, ljósi, nóttum, dögum, fólki, minningum og fögrum hugsunum.

Sagan sem við höfum sagt ykkur á það sameiginlegt með öðrum sögum að engar tvær eru eins. Og saga verður aldrei sögð í tvígang með nákvæmlega sama hætti.

SAGAN

Nú sögu þér ég segi
er sól á fögrum degi
fær litað lífsins vegi
og leiðsögn veitir þér.
Og sagan gleði geymir
og góða sál sem dreymir
um ást í heimi hér.

Svo svífur orðayndi
á undan ljúfum vindi
þá leikur allt í lyndi
hjá lífsins fögru sál
sem opnar gáttir allar
með orðræðu sem fjallar
um hjartans bjarta bál.

Og saga þessi sýnir
að sælan hugann brýnir
og enginn áttum týnir
sem alúð virða kann.
Og sagan vonir vekur
hún völd í hjarta tekur
og kveikir kærleikann.

Og sagan svífur víða
sem söngur, laus við kvíða,
hún er sem brosið blíða
er bjarta sólin skín.
Á sönnum sæludegi
með sátt á lífsins vegi
nú sögð er sagan þín.

THE STORY

I'm telling you a story,
When a bright and sunny day
Is colouring the way of life
And guides you.
The story has a lot of joy
And a good soul that dreams
About love in our world.

The words of delight fly
In the gentle wind
And everything is fine
For the beautiful soul of life
Which opens all portals
With discourse that shows
The fire in the heart.

And this story shows
That bliss sharpens the mind
And no one is lost
If devotion prevails
And the story raises hopes,
It drives evil away,
And spreads love.

And the story soars widely,
As a song, free from anxiety,
It is as gentle as the smile
When the bright sun is shining.
On a true day, with harmony
On the road of life
Now your story is told.

Ljúfur leikur

Saga okkar er ljúfur leikur, ferðaleg sem við eigum að njóta. Leikur að góðum gildum, yndislegum hugsunum og umfram allt er lífið leikur sem er keppni á persónulegum grunni, þar sem við keppumst við að skapa sem fegurstar minningar. Sagan af vindinum, fræjunum, voninni, fólkinu og öllu sem ritar ljóð lífsins á aldrei að vera annað en ljúfur leikur.

LJÚFUR LEIKUR

Ég lék með þér í sandi er fjörugrjótið grét
og gráhærð nóttin kynntist dauða sínum
en minninganna máttur
við morgunroðann virtist vera sáttur
og þegar máninn færði sig um set
úr söngleik dagsins, djúpt í huga mínum,
var fluttur fyrsti þáttur.

Og þú í faðmi mínum varst morgunbirtan blíð,
er blærinn orti ástarljóð í sandinn,
þá áttu hjörtun ungu
það afl sem vildi bifa fargi þungu.
Á meðan við þar lékum langa hríð
þá lifnaði af dvala sagnarandinn
og sælir fuglar sungu.

Á meðan vonin orti í fjöru falleg ljóð
í fjarska mátti heyra rokið gnauða.
Er aldan klettinn kyssti,
hún kröftug orð í yfirborðið risti
sem túlka máttu andans dýra óð
um átökin á milli lífs og dauða,
þá var sem vonin brysti.

En sál mín fékk að stara í ástrík augun þín
er æstur stormur lék á hafsins bárum.
Í skjólin flest var fokið
er fjörugrjótið sætti sig við rokið.
Og núna finnur hlýju hugsun mín
er hjartað skynjar söng frá liðnum árum.
Já, senn er leiknum lokið.

SWEET PLAY

I played with you in the sand when the rocks were crying
And the grey-haired night met its death.
But the power of memories
In the morning twilight seemed satisfied
And when the moon moved
From the musical of the day, deep in my mind,
We got the opening song.

With you in my arms, the morning light was gentle,
When the shade wrote a love poem in the sand,
Then young hearts possessed
A force that wanted to discard a heavy load.
While we played for a long time
The storyteller's spirit came alive from slumber
And happy birds sang.

While the hope wrote beautiful poems in the tide
In the distance, you could hear the wind howling.
When the waves kissed the rock
Scratching powerful words into its surface
That could interpret the ode of the spirit
About the conflict between life and death,
Then it looked like hope had broken down.

But my soul got to stare into your loving eyes
When a raging storm played on the ocean's shores.
There was nearly no way out
When the beach rocks accepted the wind.
And now my thoughts found warmth
When the heart perceived a song from years gone by.
Yes, the game will soon be over.

Vertu hjá mér

Vertu hjá mér geymir einkar hlýjan boðskap: Fyrir mannsandann er hugsun um sannan vin svo dýrmæt. Þakklætið nærir sálartetrið með orkuríkri hlýju. Þegar myrkrið herðir tökin og vetrarklóin virðist knúin af grimmd þá bíðum við þess að birti til. Þá er það einlæg ósk hjartans að hafa vin sér við hlið – vin sem styttir biðina og gefur henni tilgang.

VERTU HJÁ MÉR

Vertu hjá mér vinur
því vært nú sofa fjöllin
á meðan stormur stynur
og stækkar vetrarhöllin.

Við skynjum kaldan klaka
og kyrrð er vötnin frjósa,
um stund við viljum vaka
í veröld norðurljósa.

Við eigum ósk sem hylur
ísköld klakabrynja
þegar þungur bylur
þarf sinn harm að skynja.

Er vetrarhöllin hrynur
þá hlýnar okkur báðum,
já, vertu hjá mér vinur
því vorið kemur bráðum.

STAY WITH ME

Stay with me, my friend
Because now the mountains are sleeping
While the storm is moaning
And the winter palace expands.

We sense the ice
And stillness when the waters freeze,
For a while, we want to stay
In the world of northern lights.

We have a wish that is covered
By the ice-cold winter's armour
When a heavy storm
Needs to understand our grief.

When the winter palace collapses
Then both of us feel warm.
Yes, stay with me, my friend,
Because spring is coming soon.

Bros

Við getum spurt: Hvað er töfrandi veröld? Hvað er áreynslulaus fegurð? Svarið er til dæmis: Froststillur og sól um miðjan vetur, þegar lognið brosir og þögnin er áþreifanleg eða sumarsól sem brosir á milli skýja og sólstafir sem tengja saman himin og jörð. Hið undurfagra verður ómetanlegt ef við brosum því þá er einsog brosið verði að hinu eina, nákvæma ljósi sem gefur lífinu hinn eina, rétta lit.

BROS

Ég man þá stund í miklu frosti
á miðjum degi
að falslaus við mér fegurð brosti
á förnum vegi.

Og svo var það á sumarengi
er sönn var hlýja
að birtist sól og brosti lengi
hjá bökkum skýja.

Ég brosið læt í veðri vaka
og vonin lifir
en þegar kemur bros til baka
þá birtir yfir.

SMILE

I remember that moment in the deep frost
In the middle of the day
When sincere beauty smiled at me
On the road.

And then it was in a summer meadow,
It was warm,
And the sun appeared and smiled for a long time
By banks of clouds.

With my smile, I want to show
That my hope lives on
But when a smile is returned
It brightens up my day.

Þorvaldur Gylfason er prófessor emeritus í hagfræði í Háskóla Íslands og hefur samið 140 sönglög, m.a. Sautján sonnettur um heimspeki hjartans, Söngva um svífandi fugla og Sjö sálma við kvæði Kristjáns Hreinssonar. Sonnetturnar voru fluttar á tónleikum í Hörpu 2012 og 2013, Fuglasöngvarnir í Salnum í Kópavogi og Bergi á Dalvík 2014 og í RÚV 2020 og sálmarnir í Langholtskirkju 2014 og Guðríðarkirkju 2015. Flokkarnir tveir á þessum diskum, Sextán söngvar og Sumarferðin, voru fluttir á tónleikum í Hannesarholti 2017 og Hörpu 2022. Ítalska söngvabókin, sem geymir úrval 24ra laga og ljóða úr þessum flokkum í ítalskri þýðingu Olgu Clausen, var flutt á tónleikum í Hannesarholti 2022 og síðan í þrem bæjum við Gardavatn á Ítalíu. Eftir Þorvald liggja einnig Fimm árstíðir við kvæði Snorra Hjartarsonar og voru þær frumfluttar í Hannesarholti 2017 og RÚV 2021 og Tólf sönglög við kvæði tólf skálda, sem voru flutt í Hörpu 2023, auk margra kórlaga. Lög hans heyrast annað veifið sem síðasta lag fyrir fréttir í ríkisútvarpinu.

Kristján Hreinsson er skáld og heimspekingur. Hann hefur birt bráðum 90 bækur, nú síðast m.a. ljóðabækurnar Ljóðin um veginn (2011), Verði ljóð (2015), Ég sendi þér engil (2016), Skáld eru skrýtnir fuglar (2016), Koddaljóð (2017), Vinaljóð (2018), Dagatal (2019), Fimmtíu ljóð um fegurð (2019), Englaljóð (2020), Mótmæli (2020), Ljóðayoga (2021) og Ættjarðarljóð (2023) og einnig skáldsögurnar Leti er dygð (2018), Cardenio (2019), Lökin í golunni (2021) og Afkvæmi óttans (2022). Skáldsögurnar eru alls tólf talsins og ein þeirra hefur verið þýdd á ítölsku og gefin út á Ítalíu. Eftir hann liggja einnig m.a. útvarpsleikrit, sem flutt hafa verið í ríkisútvarpinu. Þá hefur hann sent frá sér tug hljómdiska, þar má nefna: Íslandsvinurinn og ættarsóminn (1998), Í stuði með Guði (2001) og Eftir dansinn (2002), þar sem hann flytur ásamt öðrum eigin lög og ljóð. Söngtextarnir sem hann hefur samið handa fjölda listamanna eru í námunda við 2000 talsins. Einnig hefur hann starfað sem kennari og haldið fjölda námskeiða, einkum í ritlist, söngtextagerð og bragfræði.

Elmar Gilbertsson hóf tónlistarferil sinn í bílskúrsböndum í Búðardal, lék þá á rafmagnsgítar og söng, mest þungarokk, jafnvel dauðarokk. Elmar hóf söngnám 2001 og útskrifaðist frá Tónlistarskóla Sigurðar Demetz í Reykjavík vorið 2007. Vorið 2009 lauk hann meistaranámi við Konunglega tónlistarháskólann í Haag og Tónlistarháskólann í Amsterdam. Kennarar hans þar voru Jón Þorsteinsson og Peter Nilson. Elmar hefur sungið mörg óperuhlutverk á sviði, einkum í Hollandi og Belgíu og einnig í Englandi, Frakklandi og Þýzkalandi, þar sem hann starfar nú við óperuna í Stuttgart. Með hlutverka hans eru Chevalier de la Force í Dialogues des Carmélites eftir Poulenc, Don Ottavio í Don Giovanni eftir Mozart, Nerone í Krýning Poppeu eftir Monteverdi, Ferrando í Così fan tutte eftir Mozart, Tamino og Monostatos í Töfraflautu Mozarts, Alfred í Leðurblökunni eftir Johann Strauss, Elvino í La Sonnambula eftir Bellini, hertoginn í Rigoletto eftir Verdi, Kúdrjás í Katja Kabanova eftir Janáček, prinsinn í Öskubusku eftir Rossini, bróðir Massée í Heilagur Frans frá Assisí eftir Messiaen og Mímir í Rínargulli Wagners. Hlutverk hans í Íslensku óperunni eru m.a. Alfredo í La traviata eftir Verdi, Daði í Ragnheiður eftir Gunnar Þórðarson, Lenskí í Evgéní Ónégin eftir Tsjækovskí og Jamie í Bræður eftir Daníel Bjarnason. Elmar hlaut Grímuverðlaunin 2014 sem söngvari ársins fyrir hlutverk Daða og aftur 2016 fyrir hlutverk Don Ottavio. Elmar hlaut einnig Íslensku tónlistarverðlaunin 2014 sem söngvari ársins í flokki sígildrar og samtímatónlistar og aftur 2016 fyrir hlutverk Lenskís.

Hallveig Rúnarsdóttir hefur sungið frá unga aldri. Meðal óperuhlutverka hennar eru Donna Anna í Don Giovanni eftir Mozart, Michaëla í Carmen eftir Bizet, Fiordiligi í Così fan tutte eftir Mozart, Lucy í Símanum eftir Menotti, Gianetta í Ástardrykknum eftir Donizetti, Rödd af himnum í Don Carlo eftir Verdi og Echo í Ariadne auf Naxos eftir Richard Strauss. Þau hlutverk sem Hallveig hefur frumflutt eru Gilitrutt í samnefndri óperu og Traversing the void eftir Hildigunni Rúnarsdóttur og hlutverk stúlku í óperunni Ljós af ljóði eftir Kristian Blak. Hallveig hefur komið fram sem einsöngvari víða um heim og sungið sópranhlutverkið í mörgum helztu stórverkum tónbókmenntanna, margoft með Sinfóníuhljómsveit Íslands auk fjölda annarra hljómsveita heima og erlendis. Hún hefur frumflutt mörg ný íslensk verk, t.d. á Listahátíð í Reykjavík og á Sumartónleikum í Skálholti og í útvarpi. Hallveig hefur haldið fjölda einsöngstónleika á Íslandi og erlendis með áherzlu á ljóðasöng. Á geisladiskinum Í ást sólar flytur hún íslenzk sönglög ásamt Árna Heimi Ingólfssyni píanóleikara. Hún hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sem söngkona ársins í sígildri- og samtímatónlist árið 2013 og 2018 og hlaut einnig tilnefningu til sömu verðlauna 2014, 2016 og 2020. Hún var einnig tilnefnd til Grímuverðlauna sem söngvari ársins 2014 og 2017. Hún er listrænn stjórnandi og stofnandi sönghópsins Cantoque Ensemble sem sérhæfir sig í flutningi barokkverka með upprunahljómsveitum, heima og erlendis. Hún starfar einnig sem aðstoðarskólastjóri Söngskóla Sigurðar Demetz þar sem hún kennir líka söng.

Snorri Sigfús Birgisson stendur í fremstu röð íslenzkra píanóleikara og er jafnframt mikilvirkt tónskáld. Eftir hann liggur fjöldi tónverka: einleiksverk, kammertónlist, raftónlist, kórtónlist, sinfónísk verk og sönglög. Snorri hóf tónlistarnám hjá Gunnari Sigurgeirssyni og fór síðan í nám við Tónlistarskólann í Reykjavík þar sem kennarar hans voru Hermína Kristjánsson, Jón Nordal og Árni Kristjánsson (píanó) og Þorkell Sigurbjörnsson (tónsmíðar). Snorri lærði á píanó hjá Barry Snyder við Eastman School of Music í Bandaríkjunum 1974-1975 og tónsmíðar hjá Finn Mortensen í Noregi, þar sem hann lærði einnig raftónlist hjá Lasse Thoresen og hljóðfræði hjá Thoresen og Olav Anton Thommessen 1975-1976. Snorri flutti til Amsterdam árið 1976 þar sem hann lærði tónsmíðar í tvö ár hjá Ton de Leeuw. Frá 1980 hefur hann verið búsettur í Reykjavík og starfar þar sem tónlistarmaður og var tónlistarkennari þar í 40 ár samfleytt. Hann er meðlimur CAPUT-ensemble. Tónlist Snorra Sigfúsar er að finna á fjölmörgum geisladiskum og hljómplötum. Meðal diska hans er Heyrðu nú hjartans málið mitt þar sem hann leikur eigin útsetningar á 23 íslenzkum þjóðlögum.

Hljóðritað í Salnum í Kópavogi 30. janúar, 23. marz, 13. og 19. júní og 21. september 2023

Hljóðritun og gerð frumeintaks: Pétur Hjaltested

Útlitshönnun: Þórarinn Stefánsson

Meginmál: Þorvaldur Gylfason & Kristján Hreinsson
Æviágrip flytjenda: Þorvaldur Gylfason

Kápumynd heitir Fögnuður H2O (Olía á hörstriga) 2020: Vignir Jóhannsson
Ljósmynd af Þorvaldi Gylfasyni: Finnur P. Fróðason
Ljósmynd af Snorra Sigfúsi Birgissyni: Jón Kristinn Cortez

Polarfonia Classics ehf. 2023
PFCD 23.12.038-2


POLARFONIA